

Fimmtudaginn 14. mars 1996.

Nr. 159/1994.

**Olíuverslun Íslands hf. og
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Erlu Kristjánsdóttur

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

Skaðabætur. Örorka. Kröfugerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1994. Þeir krefjast þess, að þeim verði einungis gert að greiða hluta bótafjárhæðar samkvæmt héraðsdómi með vöxtum samkvæmt 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 5. febrúar 1990 til þess dags, er Hæstiréttur kveður upp dóm í málinu, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast áfrýjendur þess, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Fyrir Hæstarétti var lýst yfir því, að áfrýjendur viðurkenndu óskipta fébótaábyrgð á slysi því, sem málið fjallar um.

Stefndi krefst þess í greinargerð, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var af hálfu stefndu lagður fram útreikningur, þar sem niðurstöðutölur varanlegs örorkutjóns í útreikningi tryggingafræðings 9. ágúst 1991, sem um er fjallað í héraðsdómi, eru endurreiknaðar með 4,5% framtíðarvöxtum í stað 6%. Hækkar höfuðstóll útreiknaðs örorkutjóns við þetta um 10,14%. Jafnframt var þess krafist, að bótafjárhæð samkvæmt dómsorði héraðsdóms yrði hækkuð sem þessu nemur. Um þetta var vísað til nýlegra dóma Hæstaréttar, þar sem miðað er við 4,5% vexti í útreikningi áætlaðs tjóns vegna varanlegrar örorku, sbr. dóm 30. mars 1995.

Þar sem stefnda áfrýjaði ekki héraðsdómi, á þessi kröfuhækkun sér ekki lagastoð, og ber þegar af þeirri ástæðu að hafna henni.

Þegar virt eru gögn málsins um meiðsli stefndu af völdum slyssins og afleiðingar þeirra, þykja ekki efni til að fallast á það með áfrýjendum, að bætur til stefndu séu of hátt metnar í héraðsdómi. Eigi eru heldur efni til að sinna kröfu áfrýjenda um breytingu á ákvæði héraðsdóms um upphafstíma dráttarvaxta.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Áfrýjendur greiði stefndu óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Olíuverslun Íslands hf. og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði óskipt stefndu, Erlu Kristjánsdóttur, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. febrúar 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. janúar sl., er höfðað með framlagningu skjala í dómi 20. október 1992.

Stefnandi er Erla Kristjánsdóttir, kt. 131040-2539, Bakkavör 5, Seltjarnarnesi.

Stefndu eru Olíuverslun Íslands hf., kt. 500269-3249, Héðinsgötu 10, Reykjavík, og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 3.782.647 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum].

Þá krefst stefnandi málskostnaðar skv. mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að þeim verði aðeins gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar, en málskostnaður falli niður.

II.

Síðdegis 5. febrúar 1990 var stefnandi farþegi í aftursæti leigubifreiðarinnar R-4194. Á Miklubraut hér í borg, á brú yfir Kringluna, var sendibifreiðinni R-18758, eign stefnda Olíuverslunar Íslands hf., ekið aftan á leigubifreiðina. Stefnandi var strax eftir áreksturinn flutt á slysadeild Borgarspítalans. Skv. skýrslu Leifs Jónssonar læknis um skoðun þar kvartaði

stefnandi mjög um verk í hálsi og var mjög stíð. Röntgenmynd af hálsi sýndi engin áverkamerki, en vöðvar voru mjög aumir. Fékk stefnandi hálskraga og vöðvaslakandi lyf og var ráðlögð hvíld næstu daga. Stefnandi kom aftur á slysadeild 13. febrúar s. á. og kvaðst enn stíðari en við fyrstu komu og kvað óþægilegt að nota hálskragann. Skýrði stefnandi frá því, að hún hefði fengið svipaðan hálsáverka 1976 (sic) og kvaðst aldrei hafa orðið með öllu góð eftir þau meiðsli. Við skoðun þennan dag voru einkenni aðallega frá hálsi og herðum með mikilli vöðvabólgu. Stefnandi kom næst á slysa-deild 21. janúar 1991 vegna væntanlegs vottorðs til lögfræðings síns. Skýrði hún þá svo frá, að hún hefði aldrei orðið með öllu frá vinnu vegna slyssins í febrúar 1990. Kvaðst hún sem lektor við Kennaraháskólann vinna mikið við skriftir og tölvur og eiga erfitt með langar setur, þreytast þá í hálsi og herðum og fá verk í hnakkagróf og jafnvel höfuðverk. Taldi stefnandi, að einkenni þau, sem hún hafði eftir slysið 1976 (sic), hefðu aukist við síðara slysið. Öll þessi einkenni hindruðu hana þó ekki beinlínis í að gera það, sem hún þyrfti, en yllu fljótt þreytu og óþægindum. Við skoðun þennan dag (21. janúar 1991) kom fram festumein í hnakkagróf, en lítið annað áþreifanlegt.

Stefnandi var til meðferðar hjá Huldu Þorsteinsdóttur sjúkraþjálfara frá 17. apríl 1990, þar til hún útskrifaðist frá henni 31. október s. á. Í vottorði sjúkraþjálfarans um meðferðina kemur m. a. fram, að stefnandi hafi orðið mun mýkri í vöðvum í hálsi og herðum og dofi í handlegg hafi nánast horfið. Stefnandi vinni geysilega mikið og hafi þar af leiðandi oft mikla þreytuverki á kvöldin. Við útskrift hafi helsta vandamálið verið strengur, sem lá upp í hnakka hægra megin, en við þreytu hafi þessi tilfinning versnað til muna. Meðhöndlaði sjúkraþjálfarinn þetta með leysi-geislum og þvernuddi þar yfir. Hafði heldur létt á þessari tilfinningu, og var ákveðið að hætta meðferð.

Björn Öundurson tryggingayfirlæknir mat örorku stefnanda vegna slyss þess, sem hér um ræðir. Í niðurstöðu skýrslu hans 24. júní 1991 segir svo:

„Þannig er um rúmlega fimmtuga konu að ræða, sem í nefndu slysi varð fyrir slæmum hnykkáverka á háls og herðar. Þess ber að geta, að slasaða hafði orðið fyrir hnykkáverka 1976 (sic), en einkenni frá þeim áverka voru að mestu leyti horfin. Þó segir slasaða, að hún hafi átt frekar vanda til höfuðverkjara eftir það slys, en öll einkenni mögnuðust upp við hið síðara slysið. Tekið er tillit til þessa í því örorkumati, sem hér er unnið.

Slasaða ber nú nokkur einkenni afleiðinga slyss þessa. Hún fær við litla raun verk í hnakka, aftan í háls og herðar. Hún á bágð með að sitja lengi, en einnig að vinna í lotinni stellingu. Hún fær „ríg“ í hálsinn, einkum þegar hún þreytist. Ekki leynir sér, að nokkur post-traumatísk neurosa er í þessu tilfelli.

Nokkuð á annað ár er nú liðið, frá því að áður nefnt slys átti sér stað, og vart að vænta frekari bata á afleiðingum þess hér eftir. Rétt þykir því að ljúka máli þessu með örorkumati, og þykir tímabundin og varanleg örorka hæfilega metin sem hér segir:

Í fjórar vikur	100%
Í fjórar vikur	50%
Varanleg örorka	15%.“

Hinn 14. apríl sl. voru þeir Jóhann Tómasson læknir og Davíð Þór Björgvinsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, dómkvaddir að kröfu stefndu til að skoða og meta heilsufarslegt ástand stefnanda. Var lagt fyrir matsmennina að meta eftirfarandi:

1. Hvort stefnandi hafi af völdum slyss þess, sem hér um ræðir, orðið fyrir eða muni til frambúðar verða fyrir raunverulegri skerðingu á getu til öflunar vinnutekna, þegar litið er til menntunar hennar, kunnáttu, starfsorku og þeirra kosta, sem hún á til að afla sér tekna með vinnu, sem sanngjarnt er að ætlast til, að hún starfi við, eða hver sé fjárhagsleg örorka hennar.

2. Ef talið verði, að stefnandi hafi eða muni hljóta tímabundna eða varanlega fjárhagslega örorku af völdum slyssins, var óskað eftir, að hún yrði metin í hundradshlutum.

3. Að lokum var lögð fyrir matsmenn sú spurning, hvort fallast mætti á örorkumat Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis frá læknisfræðilegum sjónarmiðum, og ef ekki, hver væri tímabundin og varanleg læknisfræðileg örorka stefnanda af völdum slyssins.

Matsmenn skiluðu skýrslu um matið, sem dagsett er 28. október sl.

Verður fyrst gerð grein fyrir niðurstöðu matsmannsins Jóhanns Tómassonar læknis, sem skoðaði stefnanda og rannsakaði sjúkrasögu hennar, um læknisfræðilega örorku stefnanda af völdum slyssins. Er niðurstaða hans sem hér segir:

„Erla hefur tvívegis orðið fyrir hálshnykksáverkum, fyrst árið 1977, þegar ekið var aftan á bifreið, sem hún var í, og síðan aftur 5. febrúar 1991 (sic), þegar ekið var aftan á leigubifreið, sem hún var farþegi í. Eins og mál þetta er vaxið, telja matsmenn, að fyrst verði að meta læknisfræðilega örorku Erlu í heild án þess að tilgreina þátt slyssins 5. febrúar 1991 (sic) sérstaklega.

Athugun á sjúkrasögu Erlu leiðir í ljós, að hún hefur lengi átt við að stríða óþægindi frá hálsi og herðum, sem einkum lýsa sér í spennu- og þreytuverkjum aftan í hálsi. Þá er lýst máttleysi og dofa í hægri griplim. Þessi óþægindi verða rakin til umferðarslyss, sem Erla varð fyrir 1977, enda

kveðst hún í gögnum frá slysadeild 1977 aldrei hafa átt við slík óþægindi að stríða áður. Við skoðun nú lýsir hún sambærilegum einkennum, sem gera má ráð fyrir, að hafi ýfst upp við síðara slys. Með það í huga m. a., hve einkenni Erlu hafa verið langvarandi, telur matsmaðurinn Jóhann Tómasson, að meta megi læknisfræðilega örorku Erlu vegna beggja slyssanna 15%.

Verður nú reynt að meta þátt hvors slyss um sig í læknisfræðilegri örorku Erlu.

Frásögn Erlu og gögn, sem matsmenn hafa aflað um sjúkrasögu hennar, benda til þess, að fyrri slysið hafi verið mun alvarlegra. Þessu til stuðnings er bent á eftirfarandi:

Í sjúkraskrá Erlu á slysadeild frá 11. mars 1977 segir svo um afleiðingar árekstursins daginn áður: „Keyrt aftan á kyrrstæðan bíl í gær, úti á Skólabraut Seltj. Fékk mikinn hálshnykk og strax dofa aftan í háls. Nú í morgun og dag aum og stirð í hálsi. Obj. hvellaum í m. sternocleido mast. bil., einkum sin., líka aum í aftari hálsvöðvum. Ekki naurolog óþægindi í handleggjum. Ekki höfuðverkur.“ Samkvæmt þessu finnur Erla strax fyrir dofa aftan í hálsi, og daginn eftir eru veruleg einkenni um tognun á hálsvöðvum bæði að framan og aftan. Þetta bendir til þess, að um talsverðan áverka hafi verið að ræða.

Sjúkrasaga hennar eftir þetta slys bendir til þess, að einkenni vegna þess hafi verið langvarandi. Í því sambandi er m. a. bent á, að Erla kemur á slysadeild 7. júlí 1983 vegna óþæginda, sem hún rekur sjálf til slyssins 1977. Þá kemur fram í vottorði sjúkrapjálfa frá 17. apríl 1990, að Erla rekur dofa og máttleysi í hægra handlegg til fyrri slyssins. Þá verður ekki séð, að síðara slysið hafi leitt til neinna nýrra einkenna, sem ekki höfðu komið fram áður. Það er því skoðun matsmannsins Jóhanns Tómassonar, að síðari áverkinn hafi umfram allt ýft upp fyrri einkenni. Með þetta í huga verður því að telja, að meiri hluta læknisfræðilegrar örorku Erlu sé í reynd að rekja til fyrri slyss. Telur matsmaðurinn hæfilegt að meta varanlega læknisfræðilega örorku Erlu vegna slyssins 1977 10%, en vegna slyssins 5. febrúar 1991 (sic) 5%.

Í matsbeiðni er einnig sérstaklega spurt um tímabundna læknisfræðilega örorku vegna slyssins í febrúar 1990. Í örorkumati Björns Önundarsonar, sem fyrr er vitnað til, er tímabundin örorka Erlu metin 100% í fjórar vikur eftir slys og 50% í aðrar fjórar. Vegna þessa telja matsmenn rétt að benda á, að Erla var aldrei alveg frá vinnu vegna slyssins í febrúar 1990, sbr. það, sem fram kemur í vottorði Leifs Jónssonar læknis, dags. 13. febrúar 1991. Verður af þessum sökum að ætla, að tímabundin læknisfræðileg örorka sé of hátt metin í framangreindu örorkumati Björns Önundarsonar. Þykir

hæfilegt að meta tímabundna læknisfræðilega örorku Erlu vegna slyssins 50% í tvo mánuði.“

Matsmenn mátu fjárhagslega örorku stefnanda 16% á tímabilinu 5. febrúar 1990 til 5. febrúar 1991, þ. e. eitt ár, á þeim grundvelli, að slysið hefði tafið fyrir framgangi stefnanda úr stöðu lektors í dósentstöðu í eitt ár, en launamunur á þessum störfum er 16%. Hins vegar komust matsmenn að þeirri niðurstöðu, að eigi væri um að ræða neina varanlega fjárhagslega örorku stefnanda, sem rakin yrði til slyssins. Er því haldið fram, að afar ósennilegt sé, að meiðsl þau, sem stefnandi hlaut í umræddum árekstri, eigi ein og sér eftir að skerða starfsorku hennar framvegis með þeim hætti, að leiði til tekjutaps.

III.

Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknaði út örorkutjón stefnanda vegna ofangreinds slyss á grundvelli framangreinds örorkumats Björns Öndarsonar, og styður stefnandi kröfugerð sína vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku þeim útreikningum. Er krafa stefnanda sundurliðuð sem hér segir:

I. Örorkutjón.

1. Tímabundin örorka

a) vegna aðalstarfs	kr.	215.035	
b) vegna húsmóðurstarfa	-	42.674	kr. 257.709

2. Varanleg örorka

a) vegna aðalstarfs	kr.	3.298.643	
b) vegna húsmóðurstarfa	-	653.514	
	kr.	3.952.157	

Frá dregst vegna

skattfrelsis og

eingreiðslu 25%

kr.	988.039	kr. 2.964.117
-----	---------	---------------

II. Miski

kr.	350.000
-----	---------

III. Töpuð lífeyrisréttindi

-	210.821
---	---------

Samtals kr. 3.782.647

Stefnandi styður kröfur sínar almennum reglum skaðabótaréttar og örorkumati Björns Öndarsonar svo og ofangreindum örorkutjónsútreikningi. Um vexti vísar stefnandi til 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989 um breytingu á þeim lögum. Stefnandi kveður upphafstíma vaxta vera ákveðinn í samræmi við reglu 15. gr. vaxtalaga. Í samræmi við

það sé gerð krafa um dráttarvexti frá 19. september 1991, en 19. ágúst hafi þær upplýsingar, sem þörf var á til þess að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, verið sendar stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Kröfur um miskabætur reisir stefnandi á 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefnandi beinir kröfum sínum gegn stefnda Olíuverslun Íslands hf. sem eiganda bifreiðarinnar R-18578 og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., þar sem bifreiðin var í lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá því félagi. Reisir stefnandi bótaábyrgð og kröfur á hendur stefndu á 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 90. og 91. svo og 97. gr. sömu laga.

Stefndu mótmæla örorkumati Björns Öndarsonar. Þá mótmæla þeir því sérstaklega, að hugsanleg örorka stefnanda eða sú örorka, sem fram komi í mati Björns, hafi valdið eða muni valda stefnanda tekjuskurðingu, enda liggi engin gögn fyrir um það, heldur sé stefnandi í fullu starfi eins og fyrir slys og engin teikn um, að hún þurfi að draga úr vinnu sinni eða tekjuöflun.

Stefndu mótmæla, að stefnandi eigi rétt til bóta á grundvelli húsmóðurstarfa. Hún sé í fullu starfi utan heimilis, en skv. nýjum hjúskaparlögum eigi hjón að leggja fram sem jafnastan hlut vegna heimilisstarfa og eftir því, sem sanngjarnt er. Stefnandi og maður hennar séu ein í heimili. Verði ekki séð, að vinnuframlag hennar til heimilis sé eða eigi að vera meira en frá karlmanni, en engum detti í hug, að karlmenn eigi rétt til bóta vegna húsmóðurstarfa.

Þá beri að taka tillit til hagræðis af skattfrelsi bóta, staðgreiðsluafsláttur sé nú 41,34% eða 23.611 á mánuði, og myndi sá skattur greiðast af þeim tekjum, sem ætlað er, að stefnandi missi til framtíðar. Jafnframt beri að taka tillit til hagræðis af eingreiðslu bóta.

Mótmælt er bótum vegna tapaðra lífeyrisréttinda, en stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hún tapi slíkum réttindum.

Stefndu mótmæla vaxtakröfu, bæði vaxtafæti og upphafstíma vaxta, og er dráttarvaxtakröfu stefnanda sérstaklega mótmælt.

IV.

Með vísan til röksemda í matsgerð þeirra Jóhanns Tómassonar læknis og Davíðs Þórs Björgvinssonar dósents fyrir mati á læknisfræðilegri örorku stefnanda vegna slyss þess, sem mál þetta tekur til, er niðurstaða dómsins á sömu leið og þar greinir, bæði hvað varðar tímabundna og varanlega örorku stefnanda. Telst tímabundin örorka stefnanda því samkvæmt framan-sögðu 50% í tvo mánuði og varanleg örorka 5%.

Í samræmi við langa dómvenju verður í máli þessu gert ráð fyrir því, að

örorkustigi stefnanda fylgi sama hlutfallsleg skerðing á aflahæfi. Á sama hátt verður örorkutjónsútreikningur Guðjóns Hansen hafður til hliðsjónar við ákvörðun bóta, en dómvenja er fyrir því, að örorkutjón sé áætlað með hliðsjón af útreikningi tryggingafræðinga á því, hverjar þær vinnutekjur séu, sem líklegast er, að tjónþoli hafi síðar meir án skerðingar starfsorku.

Rétt þykir að ákvarða bætur fyrir fjártjón og miska í einu lagi, og þegar, dómvenju samkvæmt, hefur verið tekið tillit til skattfrelsis bótanna og hagræðis af eingreiðslu, þykja bætur til stefnanda hæfilega ákveðnar 1.000.000 kr. ásamt vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber stefndu óskipt til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 230.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari og meðdómendurnir dr. Ásgeir B. Ellertsson yfirlæknir og Ríkarður Sigfússon bæklunarlæknir kváðu upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Olíuverslun Íslands hf. og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Erlu Kristjánsdóttur, óskipt 1.000.000 kr. ásamt vöxtum skv. 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 5. febrúar 1990 til uppkvaðningar dóms þessa, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda óskipt 230.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.